

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

45. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2014-2018

Árið 2017, fimmtudaginn 12. okt. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Mat á hagrænum ávinningi v/ kalkpörungaverksmiðju í Súðavík – skýrsla KPMG.
2. Umsögn Súðavíkurhrepps vegna efnisnáms kalkpörungasetts í Ísafjarðardjúpi.
3. Aðalskipulagsbreyting vegna kalkpörungaverksmiðju á Langeyri.
4. Kynning á átaki sveitarfélagsins við að landamerkja skrá og þinglýsa jörðum sveitarfélagsins í Ísafjarðardjúp. – Árni Traustason kynnir vinnuna.
5. Tillaga Ísafjarðarbæjar um að gerast leiðandi sveitarfélag – BsVest.
6. Vinnuáætlum fjárhagsáætlunnar Súðavíkurhrepps.
7. Erindi frá Iceland Sea Angling hf. – lenging flotbryggju.
8. Erindi frá Stephen Midgley – heimildamynd og sögusýning í Samkomuhúsinu.
9. Alþingiskostningar 28. okt. 2017 – kjörskrá og framkvæmd.
10. Ytra mat á leikskólum – Menntamálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum frá sveitarfélögum
11. Fundargerð stjórnar hafnarsambandsins nr.397
12. Fundargerð Matvöruverslunar Súðavíkurhrepps ehf – frá 1. okt. og 10. okt.

1. Gunnar Tryggvason frá KPMG kemur til fundarins í síma og kynnir skýrsluna.

Fram kemur að með tilkomu verkefnisins muni fjöldi beinna og óbeinna starfa fjölga í sveitarfélaginu um 42.

Íbúar með afkomu vegna kalkpörungs verða um 90.

Árlegar útsvarsgreiðslur verða í kringum 89 milljónir.

Skýrslan er aðgengileg á vef sveitarfélagsins.

Skýrsla KPMG leiðir fram þá staðreynd að með tilkomu verkefnisins verður möguleg bylting í lýðfræðilegri þróun sveitarfélagsins.

2. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir eftirfarandi umsögn og felur sveitarstjóra að ganga frá henni og senda Skipulagsstofnun:

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur ríka áherslu á að staðsetning verksmiðjunnar sé utan hljóðmengunarmarka og starfsemi verksmiðjunnar verði ávallt undir eftirliti hvað varðar ryk- og hljóðvistarmengun. Það er skýlaus krafa sveitarstjórnar að viðbrögð eftirlitsaðila verði ávallt skjót og fumlaus ef frávik verður á hljóð- og rykmengunar stöðlum.

Samkvæmt staðarvali verksmiðjunnar, við Langeyri, Álftafirði, er hávaðamengun innan marka, í Súðavík, og aðliggjandi bæjum, með vísan í hljóðmælingar og hljóðmengunarkort sem finna má í frummatsskýrslunni.

Sveitarstjórn leggur áherslu á efnistaka auðlindarinnar sé ávallt með sjálfbærum hætti og fyllstu varúðar sé gætt í allri framkvæmd og umgengni.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að mótvægisáðgerðir vegna efnistöku auðlindarinnar verði settar fram og sannreyndar.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur áherslu á haft verði samband við alla helstu hagsmunaaðila, hvort sem um ræðir efnistökusvæði í Ísafjarðadjúpi eða þar sem verksmiðjan á rísa, við Langeyri, Álftafirði.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur skilað inn til VSO úttekt KPMG á hagrænum og félagslegum áhrifum slíkrar starfsemi, sem sveitarfélagið lét vinna fyrir sig, og óskar eftir að úttektin verði hluti af lokaniðurstöðu umhverfismatsins.

3. Samþykkt að setja mögulega kalkþörungaverksmiðju innan við Langeyri, Álftafirði í formlega vinnu í heildarendurskoðun á aðalskipulagi.

Með þeirri ákvörðun er m.a. aðkoma og umsagnarréttur íbúa Súðavíkur og nágrenis tryggður og farvegur málefnalegra raka, hvort sem viðkomandi hlynntur eða ekki, opnaður í verkefninu.

4. Árni Taustason kemur til fundarins. Árni kynnir vinnu sveitarfélagsins við að skrá, landamerkja og þinglýsa jörðum sveitarfélagsins.

5. Lagt fram til kynningar og umræðu.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur áherslu á að gerist Ísafjarðarbær leiðandi sveitarfélag í BsVest, sé það alfarið á ábyrgð Ísafjarðarbæjar ef komi til framúrkeyrslu reksturs.

Lögbundið framlag sveitarfélagsins er tryggt, en umfram fjárveitingar eru háðar ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

Súðavíkurhreppur mun senda fulltrúa á málþing og fyrirspurnarfund vegna málsins. Sveitarstjóri og oddviti munu sækja fundinn.

6. Lagt fram.

7. Erindið sent til umhverfis og samgöngunefndar.
8. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið. Erindið sent til menningarnefndar.
9. Kjörskráin undirrituð og staðfest. Yfirkjörstjórn mun koma saman um leið kjörgögn hafa borist. Þar verða kjördeildir skipulagðar og kjördagur skipulagður.

Steinn Ingi Kjartansson er formaður yfirkjörstjórnar.

10. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir að sækja um til Menntamálaráðuneytis um ytri úttekt á Kofraseli, leikskólanum í Súðavík.

Sveitarstjóra falið að upplýsa skólastjóra um ákvörðunina.

Niðurstaða úttektarinnar verður lögð fyrir fræðslunefnd.

11. Lagt fram.

12. Fundagerðirnar lagðar fram og staðfestar.

Stjórn Matvöruverslunar Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum 10. okt. að selja fyrirtækið til Péturs Andréssonar og Arnars Jónssonar.

Kaupverðið er 1 kr. og kaupendur gangast við skuldaviðurkenningu upp á 1. 729.000 kr. sem er skuldastaða Matvöruverslunar Súðavíkurhrepps við Súðavíkurhrepps.

Sveitarstjórn bindur miklar vonir við nýja rekstraraðila og óskar þeim farsældar og gleði í sínum rekstri og hlakkar til samstarfs í komandi framtíð.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:50

Steinn Ingi Kjartansson
oddviti

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

